

Starfsáætlun

Álftahreiddurs

2018-2019



Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	3
Stefna leikskólans	4
✓ Daglegt líf í Rjúpnahæð	4
✓ Dagskipulag.....	5
✓ Daglegar venjur í Rjúpnahæð	6
Að koma í leikskólann.....	6
Fataherbergið	6
Hreinlætisvenjur	7
Matmálstímar.....	7
Að fara heim	8
Lýðræði og jafnrétti í Rjúpnahæð.....	8
Áherslupættir vetrarins	10
✓ Læsi og samskipti.....	10
Samverustund.....	12
Sögustund	14
Hópastarf:.....	15
✓ Heilbrigði og vellíðan.....	17
Útikennsla.....	18
Útivera	19
✓ Sjálfbærni og vísindi	20
✓ Sköpun og menning.....	21
Tónlist.....	22
Lokaorð.....	24

Almennar upplýsingar

Gildistími: September 2018-júní 2019

Leikskóli: Rjúpnahæð s: 441-6700

Deild: 441-6712

Sveitarfélag: Kópavogur

Deildarstjóri: Svava María Hermannsdóttir (Maja)

Vinnutími: Breytilegur

Aðrir starfsmenn: Elisabeth Lagerholm

Stefanía Björnsdóttir

Jónína B. Olsen

Viktor Sigurjónsson

Sigríður Lilja Gunnarsdóttir

María Sigríður Halldórsdóttir

Fjöldi barna: 20 börn fædd 2013

Stefna leikskólans

Leikskólinn vinnur samkvæmt leikskólastefnu Kamii og DeVries sem byggist á hugsmíðahyggju. Barnið notar leikinn sem tæki til að byggja upp þekkingu og lærir þannig eigin virkni. Leikurinn er kjarninn í uppeldi og menntun barnsins og það er virkur þátttakandi í eigin uppbyggingu félagslegrar færni sem og siðgæðis- og vitsmunaproksa. Þessu til viðbótar styðjumst við í Rjúpnahæð einnig við kenningar Berit Bae en hún leggur áherslu á viðurkennandi samskipti og viðmót. Meginmarkmið leikskólans eruð að stuðla að sjálfræði barnanna, en þá er átt við að barnið geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þekkingu og vangaveltum um það sem barnið telur rétt eða rangt. Sjálfræði felur í sér ábyrgð og sjálfsaga.

Segja má að sjálfræði sé til staðar hjá barni þegar það lætur stjórnast af sjálfu sér. Sjálfræði er forsenda lýðræðis, en stuðlað er að lýðræðislegum vinnubrögðum í leikskólanum, þar sem málefni eru rædd við börnin, þeim gefin kostur á tjá sig og sameiginleg niðurstaða fundin á ýmsum málefnum innan leikskólastarfsins. Það sem ýtir undir sjálfræði og við höfum að leiðarljósi er: virðing, viðurkenning, samvinna, samkennid, lýðræðisleg vinnubrögð, ábyrgð, val á viðfangsefnum, umhverfi, ágreiningur/skoðanaskipti, sjálfstæði, gagnrýn hugsun, og öryggi. Stuðlað er að markmiðum sjálfræðis í öllu starfi leikskólans.

Daglegt líf í Rjúpnahæð

Venjubundnar athafnir daglega lífsins í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna og heilsu. Markmiðið er að börnin verði sjálfstæð og sjálfbjarga. Í leikskólanum er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af proska og þörfum hvers einstaklings. Samvinna leikskóla og heimila er mikilvægur þáttur í starfsháttum leikskólans þar sem það stuðlar að vellíðan nemenda. Til þess að svo megi verða er leikskólastarfinu skipt í ýmiskonar leik-, náms- og

samverustundir bæði inni og úti (t.d. frjáls leikur, hópstarf, samverustund, vinastund). Lögð er áhersla á að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem boðið er upp á í leikskólanum.

Dagskipulag

Í leikskólanum er ákveðið dagskipulag sem starfið er skipulagt út frá, skipulagið er þó sveigjanlegt og þarfir barnanna hafðar að leiðarljósi, þroski þeirra sem og aldur.

07:30-8:00	Leikskólinn opnar
08:00-8:30	Tekið á móti börnum í matsal/flæði/hafragrautur
8:30-9:40	Flæði/Ávaxtastund/
9:40-10:00	Samverustund/Veðurfræðingur
10:00-11:30	Hópstarf/Lundur/Laupur/Útivera/Flæði/Útikennsla
11:40-12:00	Sögustund
12:00-13:00	Flæðismatur
13:00-14:20	Hópstarf/Lundur/Laupur/Útivera/Flæði/Útikennsla
14:20-15:15	Flæðiskaffi
15:15-16:15	Frjáls leikur inni á deild/Róleg stund/Útivera
16:00-16:30	Frjáls leikur - Deildir sameinast

Á föstudögum er vinastund, þar sem allir í leikskólanum koma saman, syngja og njóta þess að vera saman.

Daglegar venjur í Rjúpnahæð

Að koma í leikskólann

Það er mikilvægt að barnið læri að heilsa og kveðja þegar það kemur og fer úr leikskólanum. Starfsmaður tekur á móti barni með nafni og býður því og foreldri þess góðan daginn.

Fataherbergið

Markmið:

- ✓ Að börnin verði fær um að klæða sig sjálf í útifatnað og biðji um aðstoð ef þau þurfa
- ✓ Að börnin geti metið hvaða fatnaður er við hæfi í hvert skipti.
- ✓ Að börnin gangi frá fatnaði sínum eftir útiveru og skilji við fataklefann snyrtilegan
- ✓ Börnin læra að bera ábyrgð á sínum eigin fatnaði

Leiðir:

- ✓ Börnin skiptast á að vera veðurfræðingar og umræða um veður og viðeigandi fatnað fer fram í samverustund.
- ✓ Að fara með minni hópa í fataklefann í einu, hvetja þau til að finna fötin sín sjálf og klæða sig í þau en þau fái aðstoð eftir þörfum og þroska hjá starfsmanni eða hjá hvort öðru
- ✓ Að börnin setji blaut föt í þurrskáp/ofn/poka, hengi upp eftir sig og raði skóm.

Hreinlætisvenjur

Markmið:

- ✓ Að börnin séu meðvituð um almennt hreinlæti sitt, m.a. að þurrka nef þegar við á og andlit eftir mat.
- ✓ Að kenna börnunum að þvo sér um hendur eftir salernisferðir, útiveru og fyrir/eftir matartíma.
- ✓ Að þau sturti niður úr klósetti, noti sápu við handþvott og þurrki hendur vel.
- ✓ Að börnin finni sjálf þegar þau þurfi að fara á klósettið og verði smám saman sjálfbjarga á salerni

Leiðir:

- ✓ Starfsmaður fylgir börnunum eftir á salerni, ræðir/leiðbeinir um hreinlætisvenjur t.d. með því að kenna réttan handþvott
- ✓ Starfsmaður er til staðar fyrir þau börn sem vitað er að þurfi aðstoð og fylgir þeim börnum sem óska eftir henni
- ✓ Börnin eru spurð um hreinlæti, hvort þau séu búin að þvo hendur þegar þörf er á því, t.d. eftir útiveru og salernisferðir

Matmálstímar

Matar- og kaffitímar eru kjörin staður til ýmissa umræða um lífið og tilveruna.

Markmið:

- ✓ Að barnið verði sjálfbjarga í matmálstímum.
- ✓ Að lögð er áhersla á góða borðsiði, umræðu um hollustu matar og að börnin séu hvött til að smakka allan mat
- ✓ Að börnin skammti sér hæfilegar stærðir, noti hnífapör og biðji hvert annað um aðstoð.

- ✓ Að börnin gangi sjálf frá eftir matmálstímann
- ✓ Að börnin eigi frjálts samskipti við önnur börn á matmálstíma.
- ✓ Börnin fái val um hvenær þau fari í mat, innann tímaramma, og átti sig á hvenær er laust í mat.

Leiðir

- ✓ Börnin eru hvött til frjáltsra samskipta við hvert annað og að sýna hvort öðru virðingu og aðstoð
- ✓ Börnin eru hvött til að hlusta á hvort annað.
- ✓ Börnin fá að velja sér sjálf við hvaða borð þau sitja og hjá hverjum.

Að fara heim

Í lok dags kveður starfsmaður barnið og foreldri og þakkar fyrir daginn.

Lýðræði og jafnrétti í Rjúpnahæð

Í lýðræði taka einstaklingar virkan þátt í mótun samfélagsins. Í Rjúpnahæð leggjum við áherslu á áhuga barnanna og ábyrgð þeirra á eigin námi. Við tökum mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Börn læra til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Gagnrýnin hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins leiðir til lýðræðis- mannréttinda. Lýðræðislegur leikskóli getur þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Jafnrétti skapar tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi. Í Rjúpnahæð er lögð áhersla á að drengir og stúlkur eigi víðtæka og jafna möguleika. Einnig er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Ásamt því að vinna eftir skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.

Markmið:

- ✓ Börnin læri lýðræðisleg vinnubrögð
- ✓ Kennar séu mismunandi leiðir að lýðræði
- ✓ Börnin læri hvað orðið lýðræði merkir
- ✓ Hvað þýðir lýðurinn ræður?
- ✓ Börnin læri hvað orðið sjálfræði merkir, að ráða sjálfur
- ✓ Hverju ráðum við sjálf (t.d. hvort þú vilt fara út fh. eða eh.).
- ✓ Af hverju er gott að fá að ráða?

Sjálfræði, ég sjálf/ur.

- *Sjálfstæði*
 - *Sjálfstjórn*
 - *Virðing fyrir þeim sem talar*
 - *Ábyrgð á sinni ákvörðun*
 - *Málörvun - læra ný hugtök og merkingu þeirra*
 - a. *meirihluti/minnihluti*
 - b. *að kjósa*
 - c. *sameiginleg ákvörðun*
 - *Læsi í umhverfi- þegar röðin kemur að mér*
 - *Skoðanaskipti*
- ✓ Börnin taki ábyrgð á ákvörðun sinni og fylgi henni eftir.
 - ✓ Börnin læri að tjá skoðanir sínar og hugmyndir.
 - ✓ Börnin læri að þau geti haft áhrif.
 - ✓ Börnin læri að hlusta og virða skoðanir annarra.
 - ✓ Barnahópurinn læri að taka sameiginlega ákvörðun og að skoðanir allra skipta máli.
 - ✓ Börnin læri að gæta jafnréttis í leik.
 - ✓ Að börnin læri að setji sig í spor annarra og þau hafi val um að bjóða öðrum að vera með í leik sem þegar er byrjaður.
 - ✓ Að börnin læri að manneskjur eru margbreytilegar, hafi ólíkar skoðanir, tali mismunandi tungumál og alast upp í fjölbreyttum menningarheimum.
 - ✓ Börnin fái að hafa skoðanir og val um dagleg verkefni.
 - ✓ Að börnin læri að bera virðingu fyrir öðrum börnum og fullorðnum

Leiðir til að stuðla að lýðræði

Við notum opnar spurningar, höfum skoðanaskipti, virðum skoðanir allra og skráum svörin niður á töflu (hugarkort). Við nýtum okkur til dæmis sögusteininn sem hjálpartæki fyrir þau að tjá sig eða stuðla að lýðræði og þannig hlusta á mismunandi skoðanir. Við munum nota til að mynda við ákvarðanrtöku, Ugly sat á kvisti, Úllen dúllen doff (hlutkesti). Börnin læri að með því að rétta upp hendi segja þau hvað þau vilja t.d. val á milli hluta (rauður steinn, gulur steinn eða blár steinn). Börnin hafi áhrif með því að fá að kjósa um val á efnivið eða verkefni.

Áherslupættir vetrarins

Markmið okkar er að vinna með alla þroskætti barnsins í gegnum námssvið leikskólans. Aðal áherslan er á að samræma vinnubrögð í tengslum við samskipti barna og fullorðinna, lögð verður áhersla á að byggja upp sjálfstjórn og hjálpa börnunum að leysa ágreining. Við ætlum að skoða hvernig kennarar taka þátt í leik barna, hvenær tökum við þátt og hvenær ekki. Jafnframt ætlum við að skoða og þróa leiðir til skráningar á leik og samskiptum barna, til að geta skoðað hvar áhugasvið þeirra liggur og til að skilja betur reynsluheim þeirra.

Hér á eftir verða markmið hvers sviðs sett fram sem og leiðir sem við munum notast við til að ná settum markmiðum.

Læsi og samskipti

Læsi snýst um merkingu orða og samkomulag manna um málnotkun. Í Rjúpnahæð felur læsi í sér hæfni, þekkingu og leikni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá tilfinningar, skoðanir og upplifun sína á fjölbreyttan hátt.

Börn hafa mikla þörf fyrir samskipti við aðra. Þau spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Þau nota ýmsar leiðir til að eiga samskipti við aðra og tjá sig. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi

samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta.

Markmið:

- ✓ Að börnin geti lesið í umhverfi sitt og aðstæður
- ✓ Að börnin geti notað málið til tjáningar og geti tekið þátt í samræðum.
- ✓ Að börnin læri að nýta sér tákni með tali í þeim aðstæðum sem þess er þörf
- ✓ Að börnin fái markvissa málörvun til að auka málskilning sinn og málnotkun.
- ✓ Að kenna börnunum að skiptast á skoðunum, hlusta á hvort annað og bera virðingu fyrir hvoru öðru.
- ✓ Að börnin auki orðaforða sinn.
- ✓ Að börnin æfist í samskiptum gegnum leik
- ✓ Að börnin heyri fjölbreytt og vandað málfar og sjái ritmál notað við margvíslegar aðstæður.
- ✓ Að börnin hafi gott aðgengi að bókum/bókasafni
- ✓ Að börnin fái fjölbreyttar sögustundir/samverustundir

Leiðir:

Leiðirnar eru margar en m.a. í gegnum samskipti við hvort annað og hinn fullorðna, vinaleik, samverustundir, fundi með börnum, flæðandi hópastarf, I-pad og gegnum leikinn. Mikilvægt er að barnið fái tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar í ýmsum aðstæðum og finni að kennarar séu tilbúnir til þess að hlusta á þau og virði skoðanir þeirra og þarfir.

- ✓ Rím, þulur og ljóð
- ✓ Klappa atkvæði
- ✓ Samsett orða og orðhlutaeyðing
- ✓ Hljóðgreining

Samverustund

Markmið:

- ✓ Að börnin læri að lesa sjónrænt dagskipulag með aðstoð kennara.
- ✓ Að börnin athugi veðrið og læri að klæða sig eftir því.
- ✓ Kenna börnunum að vera virkir þátttakendur í umræðum.
- ✓ Kenna börnunum söngva, þulur, rím, leiki og fleira.
- ✓ Hópastarf - spurning dagsins rædd og hugmyndir barnanna skráðar.
- ✓ Að börnin kunni grunnupplýsingar um sjálfa sig s.s. afmældisaga, hvar þau búa og hvað foreldrar og systkini heita.
- ✓ Á afmældisaga fær afmældisbarnið að setjast í sólina, afmældissöngur sunginn og hin börnin fá tækifæri til að tjá tilfinningar/hlý orð til afmældisbarnsins
- ✓ Að börnin geti setið í samverustund án þess að trufla hvort annað
- ✓ Að börnin læri vikudag, mánuð og ár.
- ✓ Að börnin læri að tjá sig fyrir framan hópinn.

Leiðir:

- ✓ Að börnin hlusti á aðra og læri að bíða eftir því að röðin komi að þeim
- ✓ Börnin skiptast á að vera veðurfræðingar og upplýsa hin börnin um veður og klæðnað
- ✓ Að nota sögusteininn sem tæki til að þjálfra virka hlustun og umræður
- ✓ Að börnin fái tækifæri til þess að koma með hugmyndir af viðfangsefni hópstarfs og velji sér viðfangsefni eftir áhugasviði.
- ✓ Að kennari hefji umræður og komi með fræðslu þegar við á
- ✓ Að börnin læri framsögn með því að standa fyrir framan hin börnin og tjá það sem þeim liggur á hjarta.

Veðurfræðingur

Veðurfræðingurinn er mikilvægur liður í samverustund. Hann er ein leið til að efla barnið á margan hátt: að æfa sig í að koma fram, kenna börnum að lesa í

umhverfið, bera ábyrgð á verkefni, efla málörvun, byggja upp sjálfstæði, sjálfstjórn og sjálfstraust.

Veðurfræðingurinn er líka þáttur í því að kenna börnunum að bera virðingu fyrir þeim sem eru að koma fram.

Sjálffræði, ég sjálf/ur.

- *Sjálfstæði*
- *Sjálfstjórn*
- *Virðing*
- *Ábyrgð*
- *Málörvun*
- *Læsi í umhverfi*
- *Sjónarmið*

Leiðir

Veðurfræðingurinn fer fram í samverustund. Þá eru börnin veðurfræðingar. Það sem fylgir því að vera veðurfræðingur og börnin læra er m.a. að þau geta valið hvenær þau eru veðurfræðingur sjá nánar:

- *Val á veðurfræðingi dagsins.*
 - *Nafnalisti hangir uppi á vegg með nöfnum barnanna í stafrófsröð.*
 - *Barnið skrifar upphafsstaf sinn við hlið nafn síns, ef það getur það. Annars skrifar barnið X.*
 - *Ef barn á afmæli þá er barnið veðurfræðingur dagsins.*
- *Hlutverk barns sem er veðurfræðingur.*
 1. *Fer út og kannar veðrið og hitastig.*
 2. *Finnur viðeigandi myndir.*
 3. *Finnur myndir tengdar veðrinu og klæðnaði.*
 4. *Í samverustund kemur barnið fram og segir hvernig veðrið er og hvernig á að klæða sig*
 - *Barnið byrjar á að kynna sig með sínu tákni.*
 - *Kennari notar tákn með tali um leið og barnið sýnir myndirnar.*
 5. *Barnið ræður hvort það vilji segja frá einhverju og syngja eitt eða allir saman.*
- *Hlutverk kennara.*
 - *Aðstoða börnin til þess að þau geti framkvæmt sitt hlutverk.*
 - *Kenna nýyrði tengt veðurfari.*
- **Megináhersla**

- Sjálfstæði - Æfa sig að koma fram og tala fyrir framan aðra.
- Vera í hóp - Læra að sitja saman í hring.
- Sjálfstjórn - geta setið og hlustað og tekið þátt þegar við á.
- Virðing - Æfa sig í að hlusta þegar annar talar.
- Ábyrgð - Barnið finnur viðeigandi myndir af klæðnaði og veðurfari og hengir upp á töflu.
- Málörvun - Kenna orð og hugtök tengt veðri og fatnaði.
- Læsi í umhverfi - Börnin lesa í hvenær röðin kemur að þeim og hvernig fót þau eiga að klæðast samkvæmt veðrinu. Læsilegt á töflu.
- Sjónarmið - Fá þátttöku og sjónarmið veðurfræðingsins á veðurfari og klæðnaði í tengslum við veðrið.

Sögustund

Sögustund er mikilvægur vettvangur fyrir málörvun og að beina sjónum barnsins að fróðlegum hlutum.

Markmið:

- ✓ Að sögustundir séu fjölbreyttar, áhugaverðar og fræðandi
- ✓ Að börnin þjálfist í að hlusta og auka þekkingu sína á margvíslegum bókmenntum.
- ✓ Að stuðlað sé að auknum málskilningi barnanna og orðaforðanámi
- ✓ Að börnin læri að umgangast bækur.
- ✓ Að börnin læri að vera saman í hóp

Leiðir:

- ✓ Lesnar sögur/framhaldssögur, þulur og ljóð, með eða án mynda, leikrit leikin, sögupuni og sagðar poka- og loðtöflusögur.
- ✓ Kennari leiðbeinir börnum hvernig á að vera í hóp
- ✓ Kennari þarf að vera vel undirbúin til að sögustundir verði fjölbreyttar og geti gengið vel
- ✓ Kennari þarf að vera tilbúin að útskýra ný og erfið orð sem koma fyrir í texta lesefnis.

- ✓ Að kennari beini sjónum þeirra að áhugaverðum hlutum og skapi umræður í kringum það
- ✓ Umræður um meðferð bóka

Hópastarf:

Viðfangsefni vetrarins: **Ég sjálfur/fjölskyldan**

- ✓ Að við förum heim til barnanna og tökum myndir af þeim við húsið þeirra.
- ✓ Að við spyrja börnin um þau sjálf og síðan fjölskylduna þeirra.
- ✓ Vinna út frá hugmyndum barnanna (spurning dagsins.)

Málefni líðandi stundar, t.d. árstíðir, bóka og menningardagar, gamli tíminn, þorrinn, öskudagur o.fl.

Landið okkar

Í vetur ætlum við að leggja áherslu á að fræðast um landið okkar og notum ýmsar leiðir til þess.

Markmið:

- ✓ Að börnin fræðist um landið sitt.
- ✓ Að börnin læri að bera virðingu fyrir landinu sínu.
- ✓ Að hópastarfið sé flæðandi þannig að börnin fái að ráða för, hvort og hvenær þau taka þátt.
- ✓ Einnig að skipa þeim í hópa þegar þurfa þykir.
- ✓ Að börnin fái tækifæri að vinna verkefni á sínum hraða
- ✓ Að verkefni geti þróast áfram eftir áhugasviði barnanna og kennara og umræðunni um þau. Að það geti farið úr umræðunni um sól út í það að rannsaka pöddur eða geimverur.

- ✓ Að með þátttöku barnanna verði verkefni fjölbreytt og áhugaverð fyrir þau

Leiðir:

- ✓ Hafa opna spurningu, " Hvað er Ísland?" (hugarkort) fá svör frá börnunum.
- ✓ Að þau komi með einhverja staði sem þau hafa farið á.
- ✓ Að þau kynni staðinn sinn fyrir hinum börnunum, og finnum það á landakortinu.
- ✓ Að þau kjósi svo um einn ákveðinn stað á landinu sem við skoðum nánar, og vinnum meira með.
- ✓ Læra einn lag tengt landinu (Ísland er land þitt)
- ✓ Fara í Ráðhús Reykjavíkur að skoða stóra landakortið.
- ✓ Börnin koma með hugmyndir að hópstarfsverkefnum í samverustundum eða í leiknum sem kennarar skrá og nýta til hópstarfsverkefna
- ✓ Kennarar koma með spurningar dagsins í samverustundum út frá því sem á sér stað í þjóðfélaginu.
- ✓ Nýta skráningar á þátttöku barna og námssviðum í hópstarfi

Blær:

Lögð verður sérstök áhersla á gildin - virðing og umburðarlyndi í vetur.

Markmið:

- ✓ Að börnin læri hvað virðing og umburðarlyndi þýðir
- ✓ Að börnin læri að sýna virðingu og umburðarlyndi.
- ✓ Að börnin læri gildin fjögur úr vináttuverkefninu
 - Hugrekki
 - Umburðarlyndi
 - Umhyggja
 - Virðing

Leiðir:

- ✓ Nota myndaspjöld
- ✓ Nýta bókina um Blæ
- ✓ Vera dugleg að nota ýmis verkefni tengd vináttu
- ✓ Syngja/hlusta á lög
- ✓ Skapa umræður um raunveruleg atvik

Heilbrigði og vellíðan

Í Rjúpnahæð stuðlum við að heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að proska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Áhersla er lögð á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi sem leggur grunninn að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Við leggjum áherslu á að börnin fái tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. En helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Í Rjúpnahæð viljum við á sama hátt stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Áhersla er lögð á að börnin læri að skammta sér sjálf og þau hvött til að smakka allan mat. Ásamt því að stuðla að uppeldis- og félagslegu gildi máltíða meðal annars með því að gefa nægan tíma til að nærast.

Útikennsla

Útikennsla gefur börnum tækifæri á því að komast í snertingu við íslenska náttúru sem hefur upp á svo margt að bjóða. Leikskólalóðin og umhverfið í kringum Rjúpnahæð er fjölbreytt og gefur það börnunum tækifæri á því að skapa merkingabæra reynslu með því að upplifa hlutina á sínum forsendum. Að börnin fái fjölbreytt námsumhverfi eykur færni þeirra til þekkingarsköpunar sem stuðlar að betra námi.

Markmið:

- ✓ Börnin læra að bera virðingu fyrir umhverfinu.
- ✓ Umhverfi og náttúra skoðuð, "hvernig göngum við um náttúruna"?
- ✓ Hvað getum við gert til að passa upp á umhverfið?
- ✓ Hvernig líður okkur úti í náttúrunni?
- ✓ Hvað gerir náttúran fyrir okkur?
- ✓ Hvað þarf að passa í náttúrunni?
- ✓ Hvað get ég gert fyrir náttúruna?
- ✓ Börnin fái fjölbreytt námsumhverfi.
- ✓ Börnin fái að njóta útiveru.
- ✓ Börnin fái að upplifa hluti á nýjan hátt.
- ✓ Að börnin læri að bera ábyrgð á fötunum sínum

Leiðir:

- ✓ Hugarkort verða gerð um vilja barnanna til dæmis um hvert viljið þið fara? og hvað viljið þið borða í útikennslu?
- ✓ Kosningar verða framkvæmdar um það sem þarf hverju sinni.
- ✓ Umræður um umgegni við náttúruna
- ✓ Útikennslan verði sem fjölbreyttust og í sem fjölbreyttustu umhverfi
- ✓ Nýta það umhverfi sem leikskólinn hefur upp á bjóða og nærumhverfi
- ✓ Kenna börnunum hringrás náttúrunnar og þannig öðlast þau virðingu fyrir henni
- ✓ Flokka og telja það sem er í náttúrunni, vinna með orðaforða, málskilning, tölur, stafi, myndsköpun og fleira
- ✓ Kennarar eigi umræður við börnin um hvers vegna við förum vel með fötin okkar og þurfum að passa upp á þau
- ✓ Fá hugmyndir hjá börnunum til að vinna með í útkennslu.

Útivera

Börnin fara út að lágmarki einu sinni á dag, ef veður leyfir. Börnin læra smátt og smátt að taka ábyrgð á því hvenær dags þau fara út og með hverjum. Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Hún byggist á því að börn geti leikið sér frjálst og fengið útrás fyrir hreyfipörf sína á jákvæðan hátt jafnframt því að vera í snertingu við náttúruna, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki, t.d. ýmsa hópleiki.

Markmið:

- ✓ Að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu
- ✓ Að börnin kynnist öðrum börnum og starfsfólki leikskólans.
- ✓ Að börnin æfi samhæfingu gróf- og fínhreyfinga í hinum ýmsu leikjum.
- ✓ Að börnin læri hópleiki og æfi þannig samvinnu.
- ✓ Að börnin njóti útiveru í íslenskri veðráttu.

Leiðir:

- ✓ Að börnin fái tækifæri að velja hvort það fari út fyrir eða eftir hádegi. verða þó að fara að lágmarki 1x yfir vetrartímann ef veður leyfir en mega fara oftar ef vill.
- ✓ Að þau fái tækifæri að morgni að skrá sig hvort þau vilji vera úti eða inni fyrir hádegi.
- ✓ Að fara vettvangsferðir með fjölbreyttu sniði sem oftast
- ✓ Að bjóða upp á flæðandi sumarskóla með fjölbreyttum verkefnum

Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, lýðræðisleg vinnubrögð, heilbrigði og réttlæti. Börn beita ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Hlutverk okkar í Rjúpnahæð er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau skilja og hugsa hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir, sem vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.

Markmið :

- ✓ Að barnið læri að taka ábyrgð á sér og umhverfi sínu.
- ✓ Börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfu sér, öðrum og umhverfi sínu
- ✓ Að börnin læri grunnhugmyndir að sjálfbærri þróun
- ✓ Að börnin noti og kynnist fjölbreyttum efnivið
- ✓ Að vinna með stærðfræðileg viðfangsefni

Leiðir:

- ✓ Að kenna barninu að ganga vel um eigur sínar og annarra.
- ✓ Að kenna barninu að ganga frá eftir sig og rétta öðrum hjálparhönd.
- ✓ Að barnið beri ábyrgð á útileiksvæðinu með kennurum, þ.e.a.s að það aðstoði við að halda lóðinni snyrtilegri.
- ✓ Kenna barninu að bera virðingu fyrir umhverfinu með því að flokka pappír, matarafganga og annað sorp og skilja ekki eftir sig rusl.
- ✓ Fáí tækifæri á vísindastarfi og sulli, sem er stór hluti af flæðinu
- ✓ Kynnist ræktun matjurta og nýtingu þeirra.
- ✓ Að ræða um og gera tölur, tákni og form sýnileg.

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi Rjúpnahæðar á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal börnunum kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk okkar felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum.

Markmið:

- ✓ Að börnin fái tækifæri á að vera skapandi á fjölbreyttan hátt
- ✓ Að börnin tjái tilfinningar sínar og hugmyndir gegnum myndsköpun.
- ✓ Að börnin kynnist landi sínu og þjóð.
- ✓ Að börnin læri góð samskipti, tillitsemi og að deila með öðrum.

- ✓ Að börnin kynnist mismunandi fjölskyldugerðum og mismunandi þjóðmenningu. Fólk er mismunandi og það er enginn eins.
- ✓ Að börnin læri að vinna í hóp að sameiginlegu verkefni og noti lýðræðisleg og sjálfstæð vinnubrögð.

Leiðir:

- ✓ Að börnin tjái sig um verk sín.
- ✓ Að vinna með og fræðast um hefðir íslenskrar menningar s.s. hanna sjálft öskudagsbúning frá grunni, fræðast um gömlu dagana, íslenska fánann, dag íslenskrar tungu o.fl.
- ✓ Að börnin segi frá sjálfu sér og fjölskyldu sinni.
- ✓ Að skapa umræður um að enginn er eins, allir eru sérstakir.
- ✓ Lesnar verða sögur frá liðinni tíð og frá mismunandi menningaheimum.
- ✓ Að börnin læri að taka lýðræðislegar ákvarðanir.
- ✓ Að kennarar skipuleggi umhverfið þannig að það sé skapandi og bjóði upp á fjölbreyttan og opin efnivið.

Tónlist

Markmið:

- ✓ Að barnið syngi fjölbreytta söngva og læri texta.
- ✓ Að barnið sé hluti af hóp í söngstundum.
- ✓ Að barnið kynnist margvíslegum hljóðgjöfum.
- ✓ Að tónlist nýtist sem leið til að efla málproska og málskilning.
- ✓ Að barnið hlusti á fjölbreytta tónlist

Leiðir:

- ✓ Söngur og tónlist sé hluti af deildarstarfi.
- ✓ Að barnið læri þulur, romsur og rím.

- ✓ Vinastund.
- ✓ Að barnið læri að slá/klappa takt og hrynjanda.

Flæði:

Í flæði hafa börnin frjálst val um hvað þau vilja leika með og með hverjum. Þau flæða á milli svæða eftir áhugasviði þeirra og fylgja vinum sínum. Margt er í boði fyrir þau, t.d. vísindakrókur, dúkkukrókur, holukubbar, borðvinna sem er bæði er í boði í matsal og inná deildum.

Markmið:

- ✓ Að börnin fái að njóta þess að gera það sem þau hafa áhuga á.
- ✓ Að börnin læri samskipti við vini sína í leik.
- ✓ Að börnin kynnist öðrum börnum og kennurum í leikskólanum.
- ✓ Að börnin læri að bera ábyrgð á umhverfi sínu.
- ✓ Að efla börnin í frumkvæði, sjálfstæði, virkni og gleði í leik.

Leiðir:

- ✓ Að bjóða upp á fjölbreytt leikefni
- ✓ Að kennari sé til staðar og leiðbeini eftir þörfum.

Lokaorð

Við hlökkum til vetrarins og verða viðfangsefni vetrarins fjölbreytt og spennandi. Við komum til með að leggja áherslu á að börnunum líði vel í leikskólanum og að þau þroskist sem sjálfstæðir einstaklingar og verði tilbúin til að takast á við næsta skólastig.

Starfsfólk Álftahreiðurs ☺